



Reglur um fjárhagsaðstoð hjá Félagsþjónustu Austur-Húnavatnssýslu, sbr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum

Félagsþjónusta A-Hún þjónar sveitarfélögunum Blönduósbæ, Húnavatnshrepp, Höfðahrepp og Skagabyggð.

Reglur þessar eru byggðar á leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins um reglur um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga frá Maí 2003/ Jan 2005 v. 11. gr.

I. kafli Almenn atriði

1. gr. Inntak fjárhagsaðstoðar

Skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, sbr. og III. kafla reglna þessara. Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, m.a. vegna heimilisstofnunar, náms eða óvæntra áfalla, sbr. IV. kafla reglna þessara. Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, sbr. 17. og 18. gr. þessara reglna.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, svo og skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um námsstyrki. Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsmálaráðs, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

2. gr. Framfærsluskýlda

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Fólk sem er í skráðri sambúð í Þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í Þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

3. gr. Lækkun grunnfjárhæðar

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa er félagsmálaráði heimilt að greiða lægri fjárhæð til framfærslu en tilgreind er í III. Kafla reglna þessara þann mánuð sem hann hafnar vinnu svo og mánuðinn þar á eftir.

- Sama á við atvinnulausan umsækjanda sem ekki framvísar skráningarskírteini, dagpeningavottorði eða annarri staðfestingu frá svæðisvinnumiðlun án viðhlítandi skýringa.



- Sama á við umsækjanda sem á við vímuefnavanda að stríða og neitar að fara í viðeigandi meðferð, svo og umsækjanda sem hafnar félagslegri ráðgjöf eða þátttöku í stuðningsáætlun.
- Sama á við um umsækjanda sem býr hjá öðrum, s.s. foreldrum eða öðrum skyldmönnum, og ekki sýnir fram á eðlilegan kostnað vegna húsnæðis með því að leggja fram fullnægjandi gögn.

Við útreikning á fjárhagsaðstoð skal taka mið af eignum öðrum en íbúðarhúsnæði, sem umsækjandi býr í og bíl sem sannanlega er umsækjanda nauðsynlegur. Sé um aðrar eignir að ræða skal umsækjanda bent á fyrirgreiðslu banka. Félagsmálaráð getur veitt undanþágu ef eignir teljast sannanlega nauðsynlegar til að gera viðkomandi kleift að stunda atvinnustarfsemi sem leiða mun til þess að hann verði sjálfbjarga, sbr. 14. gr.

Ef sótt er um fjárhagsaðstoð lengur en 3 mánuði skal kanna hvort íbúðarhúsnæði sé af eðlilegri stærð miðað við fjölskyldustærð og hvort mögulegt sé að fá ódýrara húsnæði í sveitarfélaginu. Einnig skal Félagsmálaráð fjalla sérstaklega um málið ef bílaeign umsækjanda er af stærri eða dýrari gerð en almennt getur talist.

4. gr. Réttur fylgir lögheimili

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi.

Lögheimili telst vera sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu. Maður telst hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómsundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika sbr. 1 gr. Laga um lögheimili nr 21/1990.

5. gr. Form fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð er einungis veitt sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna, sbr. 25. og 26. gr. Þessara reglna, sbr. og 22. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

6. gr. Tímabil samþykkis hverju sinni

Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjú mánuði. Þegar umsækjandi fær jafnframt bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og ljóst er að aðstæður hans muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð í sex mánuði í senn. Aðstæður þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en sex mánuði skulu kannaðar sérstaklega, félagsleg ráðgjöf veitt í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og máli vísað til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna ef við á.

Í undantekningartilvikum er heimilt að veita fjárhagsaðstoð vikulega vegna sérstakra aðstæðna, s.s. ef fólk þarf skyndilega á aðstoð að halda og vegna ástæðna sem kveðið er á um í 3. gr.

7. gr. Fjárhagsaðstoð aftur í tímann



Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn er lögð fram, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Fjárhagsaðstoð er að jafnaði ekki greidd aftur í tímann jafnvel þó umsækjandi hafi átt rétt á aðstoð en ekki leitað hennar.

II. kafli

Umsókn um fjárhagsaðstoð

8. gr. Umsókn og fylgigögn

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá Félagsþjónustu A-Hún enda eigi umsækjandi lögheimili í aðildarsveitarfélögum byggðarsamlagsins. Í neyðartilfellum er heimilt að leggja umsókn fram í dvalarsveitarfélagi, sbr. 4. gr.

Umsókn skal undirrituð á sérstök umsóknareyðublöð, þar sem fram komi upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri og nákvæmar upplýsingar um tekjur og eignir. Umsókn skal fylgja staðfest skattframtal vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan, þar með taldar greiðslur frá atvinnuveitanda, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarféлага eða öðrum aðilum, eftir því sem við á.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa skráningarskírteini frá vinnumiðlun er staðfestir atvinnuleysi hans. Skal sú staðfesting votta um fulla samvinnu við atvinnuleit. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa dagpeningavottorði. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði. Hafi hann ekki skráð sig hjá vinnumiðlun, án viðhlitandi skýringa, hefur það áhrif á fjárhæð, sbr. 3. gr. þessara reglna.

Umsækjandi skal fylla eyðublaðið nákvæmlega út og skila inn fylgigögnum samtímis eyðublaðinu, ellegar tefst afgreiðsla umsóknar hans.

9. gr. Upplýsingar um tekjur og fjárhag umsækjanda

Félagsmálaráð getur, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, m.a. hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum og Atvinnuleysistryggingasjóði. Skal það gert í samráði við umsækjanda.

Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka stöðvast afgreiðsla umsóknar hans. Skylt er að veita félagsmálaráði eða starfsmönnum hennar upplýsingar úr skattframtölum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar. Sama gildir um upplýsingar úr skattframtölum lögskylds framferanda, enda hafi umsækjandi veitt félagsmálaráði og/eða starfsmönnum umboð til að afla þessara upplýsinga, sbr. 24. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.



III. kafli

Réttur til fjárhagsaðstoðar

Mat á fjárþörf og útreikningur fjárhagsaðstoðar

10. gr. Mat á fjárþörf

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárþörf til framfærslu, sbr. 11. gr., lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur, sbr. 12. gr. Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar.

11. gr. Grunnfjárhæð

Framfærsla barna ekki talin með

Fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri miðast við grunnfjárhæð sem er **95.050** á mánuði. Framfærslugrunnur vegna einstaklinga 18 ára og eldri er 1.0 en vegna hjóna og fólks í sambúð 1.6. Upphæð fjárhagsaðstoðar er óháð því hvort barn/börn búi á heimilinu. Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar tekur mið af neyslúvísitölu og skal ákvörðuð af félagsmálaráði fyrir 31. desember ár hvert. Fjárhagsaðstoð til hjóna og fólks í skráðri sambúð getur numið allt að 152.080 kr. á mánuði (95.050 kr. x 1,6). Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar að fullu við mat á fjárþörf.

Lækkun samkvæmt 3. gr. er háð mati félagsmálastjóra/félagsmálaráði og nemur allt að hálfri grunnfjárhæð.

12. gr. Tekjur umsækjanda

Framfærsla barna ekki talin með

Allar tekjur umsækjanda og maka ef við á, í þeim mánuði er sótt er um og mánuðinum á undan, eru taldar með við mat á fjárþörf. Með tekjum er hér átt við allar tekjur og greiðslur til umsækjanda og maka, þ.e. atvinnutekjur, allar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins nema greiðslur með börnum, greiðslur úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaganna, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s.frv. og koma þær til frádráttar. Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Greiðslur vegna barna teljast ekki til tekna enda ekki reiknað með framfærslukostnaði vegna þeirra við mat á fjárþörf. Barnabætur skal þó kanna sérstaklega, sbr. 2. mgr. 11. gr. þessara reglna.

Húsaleigu- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsaleigubóta, en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.



Sérákvæði

13. gr. Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar sem hafa lægri mánaðartekjur, samkvæmt reiknuðu endurgjaldi á ársgrundvelli, en sem nemur grunnfjárhæð sem aðstoð miðast við, eiga rétt á fjárhagsaðstoð. Skilyrði er að viðkomandi sé á skrá hjá Svæðismiðlun Norðurlands vestra og leiti eftir launuðu starfi. Auk reiknaðs endurgjalds skal tekið tillit til tekna samkvæmt 12. grein og hreinna tekna af eigin atvinnurekstri skv. síðasta skattframtali.

Við mat á hreinum tekjum skal taka tillit til rekstrarliða sem ekki hafa á fjárhagsstöðu. Jafnframt skal lagt mat á rekstur yfirstandandi árs m.t.t. hvort orðið hafa breytingar á rekstrinum sem ætla má að leiði til annarrar niðurstöðu.

Heimilt er að hafna/fella niður fjárhagsaðstoð ef Svæðisvinnumiðlun Norðurlands vestra tekur viðkomandi af skrá þar sem ekki sé vilji til að taka þeim störfum sem í boði eru.

14. gr. Námsmenn

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna geta að öðru jöfnu ekki sótt um fjárhagsaðstoð. Sama á við um maka eða sambylismann námsmanns, enda sé gert ráð fyrir framfærslu maka við útreikning námslána.

IV. kafli

Heimildir vegna sérstakra aðstæðna

15. gr. Aðstoð til tekjulágra foreldra vegna barna á þeirra framfæri

Heimilt er að veita foreldrum, sem hafa haft tekjur undanfarna fjóra mánuði sem eru við eða lægri en grunnfjárhæðin, sérstaka fjárhagsaðstoð. Átt er við aðstoð til heimila þar sem börnin búa hjá foreldrum eða foreldri sínu. Um er að ræða aðstoð til greiða fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, lengdan skóladag, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómsundastarfi. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru 1/8 hluti grunnfjárhæðar á mánuði.

Heimilt er að veita foreldrum sem hafa haft tekjur undanfarna fjóra mánuði sem eru við eða lægri en grunnfjárhæðin, aðstoð vegna skírnar eða fermingar, enda hafi verið látið reyna á heimilid til að útskurða framfærsluskyldan aðila til að inna af hendi sérstök framlög samkvæmt barnalögum. Átt er við aðstoð þar sem börnin búa hjá foreldrum eða foreldri. Styrkur skal að hámarki miðast við grunnviðmið dóms- og kirkjumálaráðuneytis í slíkum málum.

Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Hér er átt við foreldra sem hafa haft tekjur á eða undir grunnfjárhæð undanfarna 12 mánuði eða lengur. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld.

16. gr. Námsstyrkir

Námsstyrki er heimilt að veita í eftirfarandi tilvikum og aðstoðin miðast við grunnfjárhæð ásamt skólagjöldum og bókakostnaði:

a) til einstaklinga 18–24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla vegna mikilla fjárhagslegra og/eða félagslegra erfiðleika,



- b) til einstæðra foreldra 18–24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og hafa haft atvinnutekjur undir grunnfjárhæð undanfarna tólf mánuði,
- c) til einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir eða þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur og hafa ekki lokið grunnnámi sem gefur rétt á námsláni.

Starfsmaður skal meta námsframvindu í hverju tilviki miðað við aðstæður hvers og eins. Nemandi skal leggja fram yfirlit yfir skólasókn mánaðarlega og einkunnir í annarlok.

Miðað skal við að námið leiði til starfsréttinda eða þess að nemandi geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Ákvarðanir um námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn og er heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu.

17. gr. Styrkur vegna húsbúnaðar

Fjárhagsaðstoð til kaupa á nauðsynlegum húsbúnaði er heimil í eftirfarandi tilvikum:

- a) til einstaklings, sem hefur lægri tekjur en sem nema *grunnfjárhæð*, er eignalaus og er að stofna heimili eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun,
- b) til ungs fólks á aldrinum 18–24 ára, sem er eignalaust, með tekjur við eða undir *grunnfjárhæð*, hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn,
- c) fæðingarstyrkur til ungra foreldra sem eru að eignast sitt fyrsta barn eru með tekjur undir viðmiðunarmörkum og hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða. Aðstoðin er hugsuð til þess að kaupa útbúnað vegna barnsins s.s. vagn, rúm o.s.frv.

Viðmiðunarmörk aðstoðar nema einni grunnfjárhæð að hámarki.

Húsbúnaðarstyrkir greiðast einu sinni.

18. gr. Greiðsla sérfræðiaðstoðar

I. Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga til einstaklinga sem hafa tekjur við eða undir *grunnfjárhæð* og fullnægja a.m.k. einu eftirfarandi skilyrða:

- a) hafa átt við langvarandi atvinnuleysi að stríða eða verið tekjulausir undanfarna sex mánuði eða lengur,
- b) eru lífeyrisþegar,
- c) hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu til lengri tíma.

Viðmiðunarmörk eru hálf grunnfjárhæð á ári. Kostnaðaráætlun tannlæknis skal fylgja með umsókn.

II. Heimilt er að veita einstaklingum í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá félagsráðgjöfum, geðlæknum og sálfræðingum, sem liður í umfangsmeiri aðstoð:

- a) einstaklingum á aldrinum 18–24 ára, sem alist hafa upp við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika,
- b) einstaklingum sem hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða,
- c) einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi.



Viðmiðunarmörk aðstoðar eru hálf grunnfjárhæð á ári.

19. gr. Útfararstyrkir

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið getur ekki staðið undir útför hins látna.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk: Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna, launaseðlar og greiðsluyfirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum, staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks, tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnaði sem umsækjandi býr í. Heimilt er að veita tekjulágu foreldri eða foreldrum fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar barns.

Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar.

Viðmiðunarmörk nema tvöfaldri grunnfjárhæð

20. gr. Öryggishnappur

Heimilt er að veita lífeyrisþegum fjárhagsaðstoð vegna öryggishnapps. Skilyrði er að umsækjendur hafi einungis tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins eða tekjur nái ekki *grunnfjárhæð* og þeir þurfi samkvæmt læknisvottorði öryggishnapp til að geta búið heima.

Styrkurinn nemi að hámarki hlut umsækjanda í stofnkostnaði sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir ekki.

21. gr. Áfallaaðstoð

Heimilt er að veita tekjulágum einstaklingum eða fjölskyldum fjárhagsaðstoð í eftirfarandi tilvikum:

- vegna skyndilegs missis búslóðar eða annars eignamissis sem orðið hefur vegna bruna, skriðufalla, snjóflóða eða annarra hamfara. Aðstoðin kemur einungis til álita þegar tjónþoli hefur ekki haft heimilistryggingu eða aðra tryggingu sem bætir tjónið,
- þegar rýma þarf íbúð af heilbrigðisástæðum er heimilt að veita aðstoð til kaupa á búslóð.

Viðmiðunarmörk aðstoðar er ein grunnfjárhæð

22. gr. Styrkur eða lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu

Heimilt er að veita þeim sem hafa haft tekjur við eða undir *grunnfjárhæð* í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan lán eða styrk til fyrirframgreiðslu húsaleigu. Þinglýstur húsaleigusamningur skal liggja fyrir eða önnur staðfesting um að samningur eigi við rök að styðjast. Miða skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum markaði. Hámark láns er tvöföld grunnfjárhæð.



23. gr. Aðstoð vegna sérstakra fjárhagserfiðleika

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki lán eða styrk vegna sérstakra fjárhagserfiðleika, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a) staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánaþyrngreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana,
- b) fyrir liggja yfirlit starfsmanns félagsþjónustunnar eða Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna um fjárhagsstöðu umsækjanda,
- c) fyrir liggja á hvern hátt lán eða styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra.

Styrkur kemur einungis til álita hafi umsækjandi haft tekjur á eða undir *grunnfjárhæð* undanfarandi sex mánuði eða lengur.

Lán skal ekki veitt ef ljóst er umsækjandi muni ekki geta staðið undir afborgunum af því.

Heimilt er að veita þeim sem haft hafa tekjur við eða undir grunnfjárhæð í langan tíma fjárhagsaðstoð vegna greiðsluferfiðleika og til kaupa á nauðsynjum, svo sem gleraugum, fatnaði, heyrnartækjum og öðrum hjálpartækjum sem Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í að greiða.

Hámark aðstoðar nemur hálfri grunnfjárhæð.

24. gr. Um fjárhagsaðstoð sem veitt er í formi láns

Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð í formi láns er að umsækjandi notfæri sér greiðsluþjónustu banka eða sparisjóða, enda liggja fyrir mat á endurgreiðslugetu umsækjanda. Ef veita á fjárhagsaðstoð sem lán og fyrir liggur að umsækjandi er þegar með eldra lán hjá félagsþjónustunni skal gera eldra lánið upp eða sameina það nýrri lánveitingu áður en nýtt lán er veitt.

Lán skal aðeins veitt þeim umsækjendum sem sannarlega hafa ekki lánstraust hjá lánastofnunum. Ef umsækjandi óskar þess skal aðstoðin veitt sem lán svo og ef könnun leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslu með tilliti til eigna og/eða framtíðartekna og er hámarksbláttími allt að sex mánuðir

Einstaklingar sem bíða eftir endurmati á endurhæfingarlífeyri eða örorkumati frá TR geta sótt um fjárhagsaðstoð í formi láns. Þegar viðkomandi umsækjandi hefur fengið bætur sínar aftur í tímann frá TR ber honum að endurgreiða lánið, með eingreiðslu til baka.

Hámark láns samsvarar framfærslugrunni í allt að 3 mánuði. Skilyrði er að umsækjandi veiti skriflegt samþykki fyrir reglulegri skuldfærslu fyrir afborgunum.

Heimilt er að taka vexti af lánum, þó aldrei hærri en meðalvextir lánastofnanna á hverjum tíma.



V. kafli Málsmeðferð

sbr. ákvæði stjórnssýslulaga, nr. 37/1993, og ákvæði XV. og XVI. Kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga

25. gr. Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef félagsmálaráði berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti. Félagsmálaráð skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

26. gr. Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti talsmann hans ef við á.

27. gr. Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn og fulltrúar í félagsmálaráði kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

28. gr. Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið félagsþjónustunnar, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

29. gr. Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

29. gr. Rangar eða villandi upplýsingar.

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur félagsþjónustan endurkafið viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

30. gr. Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn félagsþjónustunnar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði félagsmálaráðs samkvæmt eftirfarandi ákvæðum.



Ákvörðun um fjárhagsaðstoð taka Félagsmálaráð eða Félagsmálastjóri eftir því sem við á.

Félagsmálaráð fer með eftirtalin mál varðandi fjárhagsaðstoð.

- Setur heildarreglur um afgreiðslu fjárhagsaðstoðar til einstaklinga og fjölskyldna og hefur eftirlit með að farið sé eftir þeim.
- Fjallar um öll stefnumarkandi mál varðandi fjárhagsaðstoð.
- Fjallar um umsóknir umfram staðfestar hámarksupphæðir sem og ef um er að ræða undanþágur frá reglum þessum.
- Fjallar um umsóknir þar sem reglur þessar kveða á um slíkt.
- Fjallar um áfrýjanir.

Félagsmálastjóra er heimilt að ákvarða fjárhagsaðstoð í eftirfarandi tilvikum.

- Fjárhagsaðstoð skv. framfærslumati og rúmast innan heimilda.
- Skyndiaðstoð í allt að tvær vikur, eða þar til Félagsmálaráð kemur saman. Veitt skyndiaðstoð skal ávallt koma til frádráttar þegar aðstoð er reiknuð skv. IV. kafla.
- Húsnæðis og vistunarfyrirgreiðslu, í allt að eina viku, þegar um húsnæðisleysi er að ræða eða barni er hætta búin á heimili.

Almennt skal fjárhagsaðstoð samþykkt til eins mánaðar í senn. Heimilt er í sérstökum tilvikum að samþykkja fjárhagsaðstoð til lengri tíma þó aldrei lengur en 3 mánuði í senn.

Ákvarðanir félagsmálastjóra skulu lagðar fyrir Félagsmálaráð til staðfestingar að jafnaði einu sinni í mánuði.

31. gr. Kynning á ákvörðun um fjárhagsaðstoð

Þar sem starfsmenn félagsmálaráðs hafa umboð til að taka ákvörðun um fjárhagsaðstoð skulu þeir kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að félagsmálaráð fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur að öðru jöfnu fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til félagsmálaráðs frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálaráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun félagsmálaráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

32. gr. Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálaráðs til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjandi barst vitneskja um ákvörðun félagsmálaráðs.

Reglur þessar voru samþykktar í félagsmálanefnd austur Húnavatnssýslu og staðfestar af framkvæmdastjórn í samræmi við 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Reglurnar voru bornar upp og staðfestar á aðalfundi félagsþjónustu A-Hún þann 14. Júní 2007.